

Aðalfundur SFSI haldinn á Hótel Stykkishólmi 98.október kl 15:00

Dagskrá aðalfundar.

1. Setning aðalfundar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara. Gunnar Hallsson fundarstjóri og Haukur Sigurðsson fundarritari.
3. Skýrsla stjórnar.
4. Ársreikningar lagðir fram til samþykktar.
5. Lagabreytingar.
6. Ákvörðun um árgjald.
7. Kosning stjórnar, samkvæmt 4. grein laga.
8. Kosning endurskoðenda og eins til vara, samkvæmt 4. grein laga.
9. Kosning í nefndir skv. 4.grein laga.
10. Önnur mál

Formaður Elín setti fund og fór beint í 2 lið dagskrár.

Fundarstjóri var kosinn Gunnar Hallsson og fundarritari var kosin Haukur Sigurðsson.

Elín flutti síðan skýrslu stjórnar og fór yfir árið í stórum dráttum. Þar bar helst til tíðinda heimasíðan og ýmis verkefni tengd henni.

Sótt var um styrk til umhverfisstofnunar varðandi upplýsingagjöf til foreldra varðandi öryggi barna og skyldur almennings í sundlaugum.

Fram kom í máli formanns að SFSI gekk úr Det danske svømmebasinger en þar var verið að greiða peninga í félagsgjald.

Næst á dagskrá tók til máls Þórdís Sigurðardóttir gjaldkeri félagssins og fór yfir ársreikninga fyrir starfsárið 2014. Dreyfði hún reikningum til fundarmanna.

Hafliði kom með tillögu um að danske svømmebasinger yrði send reikningur fyrir tvöföldum árgjöldum.

Skýrsla stjórnar og reikningar samþykktir samhljóða.

Gísli Rúnar kom með ábendingu um að breita endurskoðendum í skoðunarmaður reikninga.

Árgjald óbreitt 15.000

Kosning stjórnar : form. Kjörnefndar Guðrún Arna kom með tilnefningar að stjórn.

Gjaldkeri : Þórdís Sigurðardóttir

Meðstjórnenda : Haukur Sigurðsson

Varamann: Hafliði Halldórsson

Skoðunarmaður : Jón Hjálmars aðalm. Hermann Guðmundsson varamaður

kjörnefnd. Guðrún Arna ,Gunnar Halls , Vignir Guðnason.

Önnur mál.

Elín formaður fór yfir starfsferill Guðmundar Harðarssonar í stórum dráttum og var Guðmundur síðan gerður heiðursfélagi SFSI.

Var Guðmundur kallaður á svið og honum veitt viðurkenning.

Var Guðmundi fagnað sérstaklega af félagsmönnum.

Guðmundur rifjaði síðan upp ferlið á því þegar félagið var stofnað.

Fyrsta stjórn:

Guðmundur Harðarsson form.

Sigmundur Stefánsson

Daníel Pétursson

Stefán Kjartansson

Kristján Ögmundsson

Sigurður Guðmundsson

Til máls tók Aðalsteinn Hafnarfirði tók til máls og þakkaði góðan fund.

Fyrirspurn kom frá Aðalsteini um köldu kerin sem eru að koma víða í sundlaugar.

Steinþór sagði frá lausnum í Reykjavík það er keyrt á klór og hreinsibúnaði.

Hafliði bennti á að til eru b og c laugar sem eru með gegnum rennsli og það væri spurning hvort að þetta flokkaðist undir það.

Þórdís sagði frá potti hjá sér.

Guðmundur benti á aðgengi að pottunum er víða slæmt og þyrfti að lagfæra.

Fundarstjóri lagði til að stjórn beitti sér fyrir reglugerð varðandi köldu pottana.

Fundarstjóri lagði fram tillögu um að árlega yrði sundkeppni SFSI í Hreyfivíku UMFI og félagið myndi leggja til bikar í verðlaun.

Formaður ræddi logo félagsins hvort að við ættum að skipta um logo.

Hafliði ræddi að félagið ætti logo á pappír og fánum og síðan nýja á heimasíðuna.

Hartmann fannst nýja logoið betra.

Stjórn tekur síðan ákvörðun um framhaldið.

Hörður spurði út í þjónustukannanir en engin hafði verið að gera það.

Guðrún Arna ræddi ýmsar leiðir um kannanir.

Formaður tók til máls og falaðist eftir stað fyrir næstu ráðstefnu.

Haukur bauðst til að taka ráðstefnuna að ári í Ólafsfjörð.

Fundarstjóri gaf síðan formann orðið.

Form. Elín H. Gísladóttir sleit síðan fundi kl.16:03

Eftir fund kom Hermann í Grindavík og bað um að fá að hald fundinn að ári.

Haukur varð við því þannig að næsti fundur er í Grindavík.

